

1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hjálmtýr Guðvarðsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 1000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúar 1938.

Nr. 100/1936. Guðrún Jóhanna Jóhannesdóttir eigandi Arnarness (Ingvar Guðmundsson) gegn

Guðjóni Sigurðssyni f. h. kirkjujarðasjóðs eiganda Garðakirkjulands, Gísla Jakobssyni eiganda Hofstaða og Gísla Sigurðssyni og Jóni Einarssyni eigendum Selskarðs

(Sveinbjörn Jónsson).

Landamerkjамál.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1936, hefir krafizt ómerk-

ingar á hinum áfrýjaða dómi og heimvísunar málsins til dómsálagningar af nýju. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar in solidum af stefndu fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndu krefjast staðfestingar á dóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í þinghaldi 30. október 1935 krafðizt áfrýjandi þess meðal annars fyrir merkjadóminum, auk þess sem kröfur hennar í fyrsta þinghaldi málsins 9. s. m voru mjög óljósar, að merkin milli Arnarness og lands Garðakirkju yrðu úr Dýjakrókum ákveðin „*upp að Vífilsstaða landi*“, án nánari ákvörðunar. Í samningi 31. maí 1890 milli fyrirsvarsmanna landa þessara eru merkin talin „*bein stefna*“ úr Stóra-Krók „*yfir mýrina upp í Dýjakrók og sömu stefnu þar til Vífilsstaða land tekur við.*“ En í landamerkjabréfi sömu aðilja 7. júní 1890 segir, að úr Dýjakrók skulu merkin vera „*í mitt Hnoðraholt*“. Þar sem kröfur áfrýjanda voru svo óákveðnar og ekki verður sagt, hvort bréfum þessum tveimur ber saman, þar sem ekki var upplýst, hvar svonefnt Hnoðraholt er né hvar Vífilsstaða land mætir landi Arnarness, þá bar merkjadóminum að leiðbeina aðiljum, sérstaklega áfrýjanda, um gleggri kröfugerð og benda á, hvað betur þyrfti að upplýsa í þessu efni, áður en dómur yrði á málið lagður. Sakir þessara bresta verður að ómerkja málsmeðferð í héraði frá þingfestingu málsins í þinghaldi 9. okt. 1935 og hinn áfrýjaða dóm og skylda landamerkjadóminn til endurupptöku málsins frá sama tíma og til dómsálagningar síðan af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð málsins í héraði frá þingfestingu þess í þinghaldi 9. okt. 1935 og hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber landamerkjadóminum að taka málið upp frá sama tíma til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

**Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu
18. jan. 1936.**

Mál þetta er eftir kröfu eiganda jarðarinnar Arnarness í Garðahreppi höfðað með fyrirkalli útgefnu 8. okt. f. á. vegna landamerkjaágreinings milli Arnarness annars vegar og kirkjujarðarinnar Garðar á Álftanesi hins vegar, og auk þeirrar jarðar reyndist ágreiningurinn og snerta Hofstaðaland og Selskarðs, og hafa eigendur þeirra jarða gengið inn í málið án fyrirkalls.

Fyrir réttinum gerir eigandi Arnarness þær kröfur, að landamerkjalýsing sú frá 1890, sem þinglesin er um merki milli Arnarness og Garða, verði dæmd ógild, og með dómi réttarins verði viðurkennt, að svonefnd Arnarnesmýri liggir undir jörðina Arnarnes og merkin verði ákveðin þannig, að Hraunsholtslækur ráði merkjum frá sjó og upp að vaði á læknum, sem er neðanvert við, þar sem þjóðvegurinn liggur yfir hann, og úr vaðinu ráði meljaðarinn merkjum að Markholti og þaðan í *Dýjakróka* og úr þeim upp að *Vífilsstaðalandi*.

Kröfu þessa byggir landeigandi á því, að þannig hafi merkin verið fyrir 1870, en það ár hafi þeim verið breytt og síðan aftur breytt 1890 í það horf, sem hin þinglesna landamerkjalýsing frá því ári sýnir.

En Arnarnesið var þjóðjörð á þeim tímum, sem merkjabreytingar þessar áttu sér stað, en samkv. 23. gr. stjkskr. 1874 var óheimilt að láta af hendi nokkuð af fasteignum landsins, nema eftir lagaheimild.

Samkvæmt þessu telur eigandi Arnarness, að umboðsmann þjóðjarðarinnar hafi skort heimild til að samþykkja

landamerkin, eins og þau voru ákveðin 1890, og sé sú merkjalýsing því ógild og að engu hafandi.

Af hálfu eiganda kirkjujarðarinnar Garða hefir kröfum og málsskýringum eiganda Arnarness verið mótmælt og sú krafa gerð, að landamerkjaskrár þær, sem þinglesnar voru 1890, um landamerki Garðakirkjulands og Arnarnesslands, verði dæmdar gildar, og merkin ákveðin eins og þar segir. Svo krefst hann og 750 kr. málskostnaðar.

Rétturinn lítur svo á, að hvort sem landamerki milli téðra jarða hafa breytt 1870 og 1890 eða ekki, geti það ekki haft þýðingu í þessu máli, þegar af þeirri ástæðu, að land það, sem um er deilt, hefir samkvæmt landamerkjaskránum fylgt Garðakirkjulandi um 45 ára skeið og verið notað þaðan í trausti merkjaskrárinnar, og er því komin á það hefð skv. lögum nr. 46 1905, 2. gr., enda liggja engin gögn fyrir um það, að merkjum þessum hafi verið andmælt á þeim tíma.

Til grundvallar í máli þessu verður því að leggja hinar þinglýstu merkaskrár frá 1890.

Í landamerkjalýsingu Arnarness segir svo: „Milli Garðalands og Arnarness eru merkin þessi: Arnarnes á land að norðanverðu frá Arnarneslækjarmynni og upp með læknunum og upp í Stóra-Krók á sama læk og úr því keldudragi, sem þar er að sunnanverðu, og beina stefnu yfir mýrina upp í Dýjakrók og sömu stefnu þar til Vífilsstaðaland tekur við“

Nú hefir komið fram ágreiningur um, hvar Stóri-Krókur sé, og þá að sjálfsögðu einnig um það, hvar keldudragið sé, sem við á að miða.

Snertir ágreiningur þessi merki milli Arnarness annars vegar og Hofstaða og Selskarðs hins vegar.

Af hálfu eiganda Hofstaðalands er því ómótmælt haldið fram, að á þessu svæði hafi verið merkjagirðing frá 1907, og hefir hún staðið mótmælalaust síðan. *Verður því að telja, að Stóri-Krókur, sem um ræðir í merkjalýsingunni, sé bugða sú á Arnarneslæk, þar sem girðingin tekur beina stefnu í Dýjakróka.* Sunnanvert við bugðu þessa eru mörg keldudrög, sem um gæti verið að ræða, en það er álit réttarins, að miða beri merkin við fyrrnefnda girðingu, enda hefir hún helgað merkin, þar sem hún hefir staðið í 28 ár.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma eiganda Arn-

arness, G. Jóhönnu Jóhannesdóttur, til að greiða eiganda Garðakirkjulands málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00. Þá ber og að dæma hana til að greiða dómendum þóknun, kr. 150.00, eða 50.00 kr. til hvers. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli Arnarness annars vegar og Garða-kirkjulands, Selskarðs og Hofstaða hins vegar, skulu vera þau, er segir í landamerkjalýsingu frá 1890, sem þinglesin er um þessi merki, þannig, að Stóri-Krókur, sem við er miðað, er þar sem merkjagirðingin tekur beina stefnu í Dýjakróka, og ekki skal miðað við keldudrag sunnanvert við Stóra-Krök, en merkjalínan er sjónhending, svo sem girðingin, svo sem hún er nú, segir til, í Dýjakróka, og skulu sett á þá staði glögg og varanleg merki.

G. Jóhanna Jóhannesdóttir greiði kirkjujarðasjóði kr. 250.00 í málskostnað og þóknun til dómenda með kr. 150.00, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að því er merkja-setningu og ídæmdan málskostnað snertir innan 3ja sólarhringa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. janúar 1938.

Nr. 62/1937. Réttvísín

gegn

Ólafi Sveinssyni, Lilju Júlíusdóttur, Júlíusi Einarssyni og Ingibjörgu Guðmundsdóttur.

Brenna.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Úrskurður hæstaréttar.

Sækjandi og verjandi máls þessa fyrir hæstarétti hafa báðir æskt þess, að áður en dómur gangi um